



Ábyrgðartrygging einstaklinga

Skilmáli nr. AA10

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. AA10.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjarkvittun og skilmálar ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Ábyrgðartrygging einstaklinga bætir kostnað sem þér ber að greiða ef skaðabótaskylda fellur á þig samkvæmt skaðabótalögum.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.
Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

1. Hver er tryggður?

- 1.1 Tryggingartaki er tryggður.
- 1.2 Fjölskylda tryggingartaka sem hefur sama lögheimili á Íslandi og hann, sameiginlegt heimilishald og býr á sama stað.

2. Hvar gildir tryggingin?

- 2.1 Tryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í allt að 92 daga talið frá brottfarardegi frá Íslandi.

3. Hvenær gildir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin tekur til tjónsatburðar sem verður á tryggingartímabilinu.
- 3.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á tryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en tryggingin er fallin úr gildi greiðir VÍS samt sem áður bætur.
- 3.3 VÍS greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem varð áður en tryggingartímabilið hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á tryggingartímabilinu.

4. Hvað bætir tryggingin?

- 4.1 Tryggingin bætir beint líkams- eða munatjón þriðja aðila vegna skaðabótaábyrgðar tryggðs sem fellur á hann sem einstakling samkvæmt íslenskum lögum. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr.
- 4.2 Tryggingin bætir tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakur eða meðábyrgðar.

5. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 5.1 Tryggingin bætir ekki:
 - a) Tjón innan samninga, þ.e. tjón sem tryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi.
 - b) Tjón sem hinir tryggðu valda hverjir öðrum.
 - c) Tjón sem verður vegna atvinnu tryggðs, hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða arðbæra vinnu í þjónustu annarra. Með atvinnu er einnig átt við hvers konar aukastörf sem tryggður vinnur gegn endurgjaldi.
 - d) Tjón á munum sem tryggður hefur til afnota, til geymslu eða eru af öðrum orsökum í hans vörslu.
 - e) Tjón sem tryggður ber ábyrgð á vegna skaðabótaábyrgðar hans sem eiganda eða notanda:
 - i. Fasteigna, loftfara, báta, vélknúinna farartækja eða vinnuvéla.
 - ii. Skotvopna.
 - iii. Hesta, hunda, annarra húsdýra eða gæluðýra.

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn **skaðabótaábyrgð á tjóni** sem þeir valda öðrum með saknæmum og ólögnum hætti. Þessi regla er nefnd sakarregla og er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir hinn tryggða ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð, að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna meðsakur eða meðábyrgðar, og einnig greiða kostnað sem hinn tryggði verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

Tryggingin nær ekki til tjóns sem tryggður veldur sjálfum sér eða öðrum tryggðum.

Með hugtakinu „**þriðji aðili**“ er hér átt við aðila sem er ekki tryggður undir þessari tryggingu.

Áhættu samkvæmt e) lið greinar 5.1 er hægt að tryggja sérstaklega.



- f) Tjón stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.
- g) Tjón sem stafar af handalögmálum eða þátttöku tryggðs í refsiverðum verknaði.
- h) Sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.
- i) Tjón sem verður sökum mengunar lofts, jarðar, gróðurs, sjávar eða vatns. VÍS bætir þó þess háttar tjón ef það verður rakið til eins skyndilegs atburðar.
- j) Tjón vegna langvarandi raka eða vatnsleka.
- k) Tjón sem rekja má til asbests eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.
- l) Tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

6. Varúðarreglur

- 6.1 Tryggðum ber að fara í einu og öllu eftir þeim lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma um framleiðslu, afhendingu, flutning, geymslu eða varðveislu sprengiefna, eiturs eða annarra álíka hættulegra efna.

7. Tryggingarfjárhæð

- 7.1 Ábyrgð VÍS vegna hvers einstaks tjónsatburðar takmarkast við tryggingarfjárhæð sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins tjónsatburðar.
- 7.2 Kostnaður sem til er stofnað með samþykki VÍS til þess að skera úr um bótaskyldu tryggðs og vextir af bótafjárhæð greiðast, enda þótt greiðsla VÍS fari af þeim sökum fram úr tryggingarfjárhæðinni.
- 7.3 Sé tryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem VÍS ber að greiða. Utan Norðurlanda takmarkast bótaskyldan við tryggingarfjárhæðina.

8. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

- 8.1 Tryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja aðila á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

9. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 9.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 9.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt tryggðum áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS.
- 9.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 9.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 9.5 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

10. Staða tjónþola við tjón

- 10.1 Ef trygging tekur til tjóns tryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá VÍS. VÍS og tryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 10.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það tryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggðan.
- 10.3 Nú tilkynnir tjónþoli VÍS að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn tryggðum. Skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 10.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

11. Meðferð bótakrafna

- 11.1 Tryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS.
- 11.2 VÍS kemur fram fyrir hönd hinna tryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Mikilvægt er að vita hverjar þær eru.



eða aðstoð.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.